



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Askja

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat deila	
4 Innra mat sérkennslu	7
5 Innra mat – fjöltyngd börn	7
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	8
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	8
8 Foreldrasamvinna	8
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	8
10 Fylgigögn	8
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	8



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2020-2021 var viðburðaríkt eins og í öllum skólum þar sem heimsfaraldur setti okkur miklar skorður en fékk okkur einnig til að endurmeta hlutina aðeins.

Við vorum einstaklega vel mönnuð hér í leikskólanum Öskju, bæði af fagfólki og fólki með langa Hjallastefnureynslu sem skiptir sköpum í okkar augum fyrir gæði starfsins.

Árleg starfsánægju könnun sýndi mikla starfsánægju sem og foreldrakönnun sem sýndi áfram mikla ánægju og traust foreldra (sjá fylgiskjal 1 og 2).

Einnig tóku okkar foreldrar þátt í könnun á vegum Reykjavíkurborgar sem kom einnig afar vel út (fylgiskjal 3).

Nýtt starfsfólk fór í gegnum nýliðaáætlun Hjallastefnunnar sem allt starfsfólk prufukeyrði á síðasta skólaári.

Allir nemendur Öskju fá enskukennslu í lotum. Enskukennari heimsækir skólann eina viku í mánuði og hittir öll börn, í mislangan tíma eftir aldri. Á yngri kjörnum hittir hún allan hópinn í einu í samverustund í 10-15 mín á dag en á eldri kjörnum tekur hún hvern hóp fyrir sig (fjórir hópar á hverjum kjarna) og er með innlögn. Eins skiptist hún á að vera með valfundi og á val tíma á eldri kjörnunum.

Allir nemendur skólans fengu vikulega jóga tíma á skólaárinu og það mun halda áfram á næsta skólaári.

5 ára börnin okkar eru staðsett í Barnaskólahúsinu og fá því að fylgja vel eldri börnum sem þar starfa. Mörg fimm ára barnanna eru orðin læs enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í vetur og eins hafa tölustafir verið lagðir markvisst inn. Þau fara í íþróttatíma í Valsheimilinu einu sinni í viku, fara á stutt sundnámskeið á vorin og hafa tekið þátt í nokkrum smiðjum sem Barnaskólabörnum var boðið upp á eins og til dæmis smiðju um himingeiminn, heimilisfræði, smíðar og tónlist.

Stytting vinnuvikunnar fór af stað í apríl 2018 og því var þetta annað heila skólaárið með vinnustyttingu alls starfsfólks en allt starfsfólk hefur fengið vinnudaginn sinn styttn um 1 klukkustund á dag, samtals fimm klukkustundir á viku.

Helstu markmið með verkefninu eru:

- Að minnka álag á starfsfólk.
- Að fækka fjarvistum vegna veikinda.
- Að minnka skrepp starfsfólks á vinnutíma.

- Að minnka brottfall vegna álagstengdra vandamála.
- Að minnka starfsmannaveltu.
- Að lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra.

Verkefnið hefur gefist afar vel og má þar nefna að fjarverur og skrepp kennara hefur minnkað mikið á milli ára ef borið var saman líðandi skólaár og skólaárið 2018-2019 áður en vinnustytting komst í gagnið. Einnig hefur verið mun auðveldara að manna skólann eftir að stytting vinnuvikunnar tók gildi sem og að niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólk sýndi að starfsfólk er afar ánægt með vinnutíma sinn og starfsánægja mjög mikil í Öskju. Það sama hefur sýnt sig í öllum skólum Hjallastefnunnar en vinnustyttingin hefur verið innleidd í alla leikskóla Hjallastefnunnar með góðum árangri en niðurstöður og árangur verkefnisins eiga eftir að birtast fljótlega.

Meginreglurnar okkar standa alltaf fyrir sínu og eru það leiðarljós sem við störfum eftir. Þær eru sex talsins og settar upp í skýrri forgangs röð. Í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og þau lífsgildi sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn svo og ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskóla. Markmið meginreglnanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og einnig að leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónir, frá hinu stærsta til hins smæsta.

Örstutt kynning á meginreglunum:

1. Börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra.

2. Starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

3. Umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

4. Efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikfnið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

5. Náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

6. Samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminntil leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgðar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Kynjanámskráin er útfærsla á hugmyndafræði Hjallastefnunnar, þar sem markmiðið er að tryggja jafnrétti kynjanna sem og annarra hópa og veita börnum frelsi frá neikvæðum afleiðingum kynjakerfisins og staðalmyndum. Hjá Hjallastefnunni er gengið út frá þeirri kennisetningu að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi hugmynda um kynhlutverk og vegna kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kyns. Kynjanámskráin tryggir að öll börn fái heildstæða þjálfun í mannlegum eiginleikum óháð kyni, en markmiðið er að veita börnum tækifæri til að leika og læra á eigin forsendum án takmarkana sem kynjakerfið setur. Hver lota stendur í fjórar vikur í senn. Loturnar byggjast á því að þjálfa og bæta bæði einstaklings- og félagsfærni hvers barns. Með því að fylgja eftir öllum sex lotunum fær hvert barn heildstæða þjálfun í einstaklings- og félagsfærni þar sem jafnvægi ríkir á milli eiginleika sem eru oft tengdir við kyn. Allir þættir kynjanámskrárinnar eru þó ávallt í forgrunni í öllu skólastarfi.

Lotur í kynjanámskrá Hjallastefnunar:

1. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpssemi, víðsýni, samstaða
4. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni
5. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Covid tímar gengu eins vel og hægt var, við gátum haldið skólanum opnum allan tímann og veikindi eða sóttkví setti ekkert strík í reikninginn. Við lögðumst öll á eitt að halda skólastarfinu í eins mikilli rútínu og hægt var og óhætt er að segja að starfsfólk hafi staðið saman með jákvæðni og gleði allan tímann. Foreldrar sýndu okkur mikinn stuðning og hvöttu okkur áfram allan tímann. Ómetanlegt samfélag hér í Öskju er óhætt að segja.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hópastarf/fjöldi nemenda í rými	viðhorfskönnun	starfsfólk skólans	mætti skerpa á stefnu skólans um að hafa alltaf litla hópa inni í hverju rými
	matsfundur starfsfólks		dreifa nemendum um svæði innandyra sem utan til að tryggja sem mestu gæðin í hópastarfi sem og minnka áreiti fyrir börn og starfsfólk
Öryggi og styrkur deildarstjóra	matsfundur starfsfólks	deildarstjórar og stjórnendur	mætti styrkja deildarstjóra í sínu starfi og gefa þeim fleiri verkfæri til að takast á við daglega stjórn inn á deildum og auka þar með sjálfstæði þeirra og starfsánægju
Líðan starfsfólk	viðhorfskönnun starfsfólks	starfsfólk og stjórnendur	kom í ljós að almenn líðan starfsfólks er góð en fólk finnur fyrir álaginu sem covid skapaði
			ákveðið var að setja sérstakan fókus á

			streitulosun og heilsueflingu starfsfólks bæði andlega og líkamlega

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Upplýsingaflæði	viðhorfskönnun	foreldrar	mætti auka flæði upplýsinga frá skólanum sem heild en einnig persónulega um hvert barn

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsin g og/eða mælikvarð i sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Upplýsingaflæði	auka upplýsin gar til foreldra, bæði praktíska r upplýsin gar og daglegar upplýsin gar um börnin	Senda vikulega upplýsinga pósta til foreldra frá skólanum en einnig frá kennurum hvers barns sem og persónule gt spjall við foreldra allra barna vikulega.	stjórnun dur og kennarar	er nú þegar hafið	stendur yfir til loka skólaársi ns	foreldrakö nnun	athuga hvort einkun n sem foreldr ar gefa í foreldr akönnu n hafi hækkað
Uppeldis- og menntastarf							
Hópastarf/fjöldi nemenda í rými	Vinna alltaf í litlum hópum	virða hópaskipti nguna og vanda okkur við að skipta okkur	Kennara r og stjórnun dur	ágúst 2021	vor 2022	á starfsfólksf undum yfir skólaárið sem	að fleiri hópatí mar en færri sému alltaf hver

		alltaf upp til að fyrirbyggja hávaða og óþarfa áreiti fyrir börn					kennari með sinn litla hóp
Mannauður/ Leikskólabragur							
Endurmenntun fyrir deildarstýrur	Styrkja deildarstjórana okkar í starfi, efla þær til sjálfstæðis og frumkvæðis	Þjóða upp á námskeið sem heitir Að stjórna jafningjum á vegum þekkingar miðlunar fyrir allar deildarstýrur	Stjórnendur og deildarstýrur	Septembar 2021	Septembar 2021	Fundur með deildarstýrum um að námskeiði loknu og hvað hafi unnist með því	Að deildarstýrur finnst þær standa sterkari í sínu starfi og geti gripið fleiri bolta án stuðnings stjórnenda
Innra mat							
Líðan starfsfólks	Hvetja starfsfólk til að huga að andlegu sem og líkamlegu heilbrigði og streitulosun í þessu krefjandi starfi	Fyrirlestur frá sjúkraljálfráum um líkamsbeitingu og heilsueflingu í leikskólastarfi og nokkrir viðburðir yfir skólaárið sem	stjórnendur	Ágúst 2021	Sumar 2022	starfsánægjukönnun	svör við starfsánægjukönnun

		tengjast heilsu, gleði og streitulosun.					

3 Innra mat deilda

Hver kjarni vinnur hvert ár að því að framfylgja kynjanámskránni og meginreglum sem er sniðið að hverjum árgangi fyrir sig.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslustýra sér um skipulagi á sérkennslunni, þ.á.m. gerð einstaklingsáætlanna, móttöku sérfræðinga, utanumhald greiningarvinnu og tilvísana, teymisfundahald og fundi og fræðslu með sérkennurum/stuðningsaðilum. Menntun án aðgreiningar er hátt skrifuð hjá okkur, við mætum öllum börnum á því þroskastig sem þau eru og veitum þeim viðeigandi stuðning miðað við þarfir þeirra löngu áður en þau fá fjárhagslegan stuðning. Hópstýrur sjá um TRAS-skráningu, sérkennslustýra heldur utan um allar hinar skráningar, AHA-hegðunarskráning var notuð fyrir sum börn og Catalyst skráningarkerfið er notað fyrir börn með miklar raskanir.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, Orðaskil, EFI-2, ABBLS, AEPS, þroskahandbókin, Smábarna- og Íslenski þroskalistinn
Hvaða námsefni var notað? Vorðu t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmislegt námsefni er notað í sérkennslu, þ.á.m: Tölum saman, Orðagull, Ljáðu mér

	eyra, Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi finnur málbein ásamt auka efni, sérstök leikföng fyrir blind börn, bækur um tilfinningar, málörvunarspil og smáforrit, A Work in Progress, Behavioural Intervention for Young Children with Autism Ný bók: Snemmtæk íhlutun í hnotskurn
--	--

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Einstaklingsnám skrárgerð	Gerð fleiri námsskráa	leiðbeiningarfundur með námskeiðshaldara AEPS	sérkenns lustýra	ágú. 2021	sep. 2021		
Upplýsingarflæði til kjarnans	uppfæra uppl.	taka þátt á kjarnafundum	sérkenns lustýra	haus tönn 2021	vorönn 2022	matsfundur starfsfólks	
Auka málörvun inni á kjarna	meira hluti af hópatíma	undirbúa prógramm/æfingar fyrir hópstýru	Hópstýra barns	ágúst 2021		matsfundur starfsfólks	
viðvera inni á kjarna	vera meira með barni	taka einn dag í mánuði með barninu	sérkenns lustýra	sep. 2021	júní 2022	matsfundur starfsfólks	

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Aukinn stuðningur við fjöltyngd börn, námskeið og fræðsla.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í daglegum hópatímum er unnið með málörvun og já hér er unnið með Gefðu 10.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Við lesum lítið í Hjallastefnunni en segjum sögur. Fjöl. börn taka daglega þátt í litlum samverum þar sem myndir eru notaðar við öll lögin sem sungin eru.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Nei, fyrir utan TRAS skráum við lítið framfarir. En hópstýrur fjöl. barna fylgjast vel með framförum þar sem um litla hópa er að ræða og yfirsýnin mjög góð. Orðaskil sýnir okkur hvort vinna þarf meira með þeim eða ekki.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, vinna með litlum hópum gerir það að verkum að náð samband við hópstýru myndast og vel er hugað að öllum málþáttum.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
skáning framfara	framfylgja skráningu	nota hæfnirama	sérkenns lustýra	haus tönn 2021	lok skól áárs		

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á önn. Á haustönn er farið yfir ákveðinn lista sem starfsfólk fyllir út og farið yfir styrkleika viðkomandi, hverju fólk þarf að skerpa á og sett markmið fyrir næsta samtal sem er á vorönn. Í seinna samtalinu er farið yfir markmiðin og hvernig tókst til og eins horft til framtíðar.

Heimsfaraldur gerði okkur erfitt fyrir að funda öll saman eða fá utanaðkomandi fræðslu inn í skólann. Hver kjarni hélt þó kjarnafundi einu sinni í mánuði og undirbjó næstu lotu og gerði upp þá lotu sem var að klárast. Á starfsfólksfundum erum við ávallt að skerpa á Hjallastefnunni, þeirri hugmyndafræði sem við störfum eftir og á lotufundum rýnum við í þá lotu sem er í vændum hverju sinni. Á hverju hausti er haustráðstefna Hjallastefnufólks þar sem starfsfólk af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti í Hjallastefnustarfi en því miður féll það niður s.l. haust. Við erum þó spennt fyrir komandi hausti þegar við getum öll hisst aftur.

Nú á haustdögum munu allar kjarnastýrur sækja námskeið hjá Þekkingarmiðlum sem heitir Að stjórna jafningjum. Eins sótti einstaka starfsfólk námskeið t.d. í sjálfbærni í skólastarfi og vistrækt. Einnig sótti lítill hópur vorráðstefnu Greiningarstöðvar ríkisins og sérkennslustýra tók þátt í vinnuhópum með öðrum sérkennslustýrum í Reykjavíkurborg.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík stendur á sömu lóð og Askja og mikill samgangur er þar á milli. Fimm ára börnin, elsti árgangur Öskju er staðsettur í Barnaskólanum. Við teljum að með þessari staðsetningu brúum við vel bilið á milli leikskólans og grunnskólans þar sem þau eru með sinn kjarna út af fyrir sig í ró og næði en taka líka aðeins þátt í Barnaskólastarfinu, bæði með þátttöku á vikulegum söngfundum og þau fara einnig í einfaldari útgáfu af þeim smíðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjörnufræði og heimilisfræði. 5 ára börnin eru því tilbúin að byrja í 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík eftir að hafa verið á fimm ára kjarna. Fimm ára námskrá fylgir með í fylgiskjali (fylgiskjal 5).

Reglulegar heimsóknir eru á meðal 4 og 5 ára barna á milli Öskju og Barnaskólans. Þau hittast í hverjum mánuði, aðallega í húsakynnum Barnaskólans en einnig koma 5 ára börn í heimsókn á söngfund í Öskju og svo hittast hóparnir einnig í Öskjuhlíð sem er hér í bakgarðinum hjá okkur. Farið

er eftir áætlun sem var gerð í samvinnu við kennara elstu barna í Öskju og svo kennara fimm ára barna.

S.l. skólaár var hluti af valsvæðum elstu barna Barnaskólans (4. bekk) að koma í heimsókn í Öskju og aðstoða með yngri börnin, ýmist í leik en líka með því að hafa lestrarstund til dæmis. Þetta gekk ótrúlega vel og mikil ánægja með þetta á báðum vígstöðvum. Planið var að halda þessu áfram en það gekk ekki vegna covid á þessu skólaári.

8 Foreldrasamvinna

Því miður gerði covid það að verkum að foreldrar höfðu afar takmarkaðan aðgang að skólanum núna í vetur en yfirleitt setja Leikskólar Hjallastefnunnar samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarnanna í öndvegi. Leikskólinn Askja stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf leikskólans og heimilisins, en við höldum upp á bóndaginn og konudaginn. Auk þess bjóðum við foreldrum í morgunkaffi einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. Við höfum haft þetta fyrirkomulag með eldri börnin en þá stoppa foreldrar og fá sér morgunmat, spjalla og fara svo til sinna starfa. Á yngri kjörnunum þá höfum við haft það fyrirkomulag að í stað þess að stoppa þegar foreldrar mæta með börnin í skólann, þá stoppa þau og fá sér nónhressingu um leið og þau sækja börnin í skólann. Auk þess sem óreglulegum upptákum sem tengja fjölskyldur við leikskólann er fagnað. Við munum bjóða foreldrum á söngfundi tvisvar yfir skólaárið.

Við náðum þó núna í júní þegar takmörkunum var aflétt að halda frábæra sumarhátíð í garðinum okkar með foreldrum.



Hjallastefnuskólar starfa eftir ákveðnum matarstöðlum, það er stefna skólans að vera með sem minnst af hvítum sykri, hveiti og unnum kjötvörum. Einnig tökum við fullt tillit til hinna ýmsu matarþarfa hjá fjölskyldum, hvort sem það er ofnæmi, óþol og eða ákvörðun foreldra hvort börn þeirra neyti kjöts eða fisks. Kokkurinn er þess vegna alltaf með mjög fjölbreyttan mat til að mæta þörfum allra.

Foreldraráð er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Í foreldraráðið er kosið að hausti ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og í því sitja ellefu foreldrar skólaárið 2021-2021 og eru fulltrúar frá öllum kjörnum. Foreldrafélagið stendur fyrir margvíslegum upptökum sem gleðja börnin yfir skólaárið og má þar nefna jólafondur, vetrargöngu og vorhátíð. Einnig hefur félagið boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra tvisvar yfir skólaárið. Foreldrafélagið hefur stundum kostað rútufurðir þegar farið er í lengri ferðir ásamt því að gefa leikskólanum ýmsar gjafir eins og skjávarpa, myndavélar, vatnsbrúsa og útibekki sem nýttust skólanum vel. Núna í vor ákvað foreldrafélagið að bjóða öllu starfsfólki Öskju í Sky lagoon sem var dásamleg gjöf eftir krefjandi skólaár.

Foreldraviðtöl fara fram í október og febrúar ár hvert. Foreldraviðtöl fara fram á laugardögum og hefur það gefist vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir fyrir okkur. Það sem okkur hefur fundist svo frábært við að hafa foreldraviðtöl á laugardögum er að þá hafa báðir foreldrar haft tækifæri til að mæta í rólegheitum, án þess að þurfa að skjótast í og úr vinnu og allir njóta dagsins.

Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynntur foreldrum í foreldraviðtölunum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Sjá skóladagatal

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 – Yfirlit af niðurstöðum foreldrakönnunar

10.2 Fylgiskjal 1 – Yfirlit af niðurstöður starfsánægjukönnunar.

10.3 Fylgiskjal 2 – Úrvinnsla könnunar á vegum Reykjavíkurborgar

10.4 Fylgiskjal 3 – Skóladagatal

10.5 Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Audun Sigríðsson 13.07.2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Askja - leikskóli
Nauthólevogi 87
101 Reykjavík
Sími 517-7720
www.hjalli.is

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Askja**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Agla Eir Vilhjálmsdóttir

Elísabet Magnúsdóttir

Inga Valgerður Stefánsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtöku skóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs Öskju vegna starfsáætlunar 2021-2022

Foreldraráð hefur yfirfarið starfsáætlun Leikskólans Öskju og samþykkir hana hér með.

Starfsáætlunin er fagleg og metnaðarfull sem er enda í takt við starfið sem fram fer í Öskju. Innra og ytra mat leikskólans lýsir á greinargóðan hátt þeim mælikvörðum sem notast er við ásamt metnaðarfullri umbótaáætlun sem sýnir þann vilja við að finna í sífelli leiðir til að bæta það góða starf sem nú þegar fer fram í Öskju. Það er mat foreldraráðs að starfsáætlunin taki á öllum þeim þáttum sem snúa að börnum, foreldrum, starfsfólki og starfinu í heild sinni.


Starfsáætlunin gefur þá góða mynd af starfi Öskju síðastliðið skólaár. Þrátt fyrir að glíma við verulegar áskoranir vegna COVID faraldursins og takmarkað aðgengi foreldra að leikskólanum, stóðu stjórnendur og starfsfólk sig gríðarlega vel í að tryggja upplýsingaflæði, öryggi og gott samstarf við foreldra. Á slíkum tímum er mikilvægt að geta gengið að stöðugleikanum sem ríkir í starfi leikskólans, skýrri stefnu, fagmennsku og fyrst og fremst góðum anda.

Foreldraráð styður starfsáætlunina heilshugar og telur hana vera að fullu í samræmi við áherslur og starf Hjallastefnunnar sem og þær kynningar sem foreldrar hafa fengið á starfinu. Áætlunin lýsir starfseminni á greinargóðan hátt og endurspeglar allt það góða og vandaða starf sem unnið er í Öskju.

Árlega er framkvæmd könnun meðal foreldra á ýmsum þáttum leikskólans. Niðurstöður endurspegla mikla ánægju meðal foreldra með starf leikskólans. Með nýrri starfsáætlun er ljóst að leikskólinn stefnir í sífellu að því að gera gott starf enn betra. Foreldraráðið fagnar þeim metnaði og er að öllu leyti sammála þeim áætlunum og aðferðum sem unnið er eftir.


Agla Eir Vilhjálmsdóttir


Elísabet Magnúsdóttir


Inga Valgerður Stefánsdóttir




Skólar

Gæðaeinkunn skólans


9,31^{9,42}
des 2019




Meðaltal ánægjuskors allra matsspurninga




Aldur barns í árum



Þekkir þú til tilraunaverkefnisins um styttingu vinnudags...



Dreifing svara á spurningu



Móttaka barns

4,88^{4,84}

Líðan barns í lok dags

4,82^{4,85}
des 2019

Gæðaeinkunn skólans

9,31^{9,42}
des 2019

Núverandi val:

Könnun: okt 2020

Skóli: Askja

Kjarni barns: Allir valdir

Spurning: Allar valdar

Samanburður: Fyrri könnun


Fjöldi svarenda

114¹¹¹
des 2019


Gæðaeinkunn skólans

9,17^{8,89}
Des 2019


Starfshópur: Fjöldi svarenda




Starfsaldur: Fjöldi svarenda



Meðaltal ánægjuskors allra matsspurninga



Dreifing svara á spurningu



Ánægja í starfi

4,79^{4,52}
Des 2019

Stjórnun er almennt mjög góð

4,86^{4,62}
Des 2019

Líðan barna

4,97^{4,76}
Des 2019

Núverandi val:

Könnun: Okt 2020

Skóli: Askja

Starfshópur: Allir valdir

Spurning: Allar valdar

Samanburður: Fyrri könnun

Fjöldi svarenda

29²⁹
Des 2019

Viðhorfskönnun foreldra barna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Askja



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Tilgangur:

Tilgangurinn er að gefa foreldrum tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri, að fá fram viðhorf foreldra til starfsemi leikskólans og vellíðanbarna í leikskólanum og að veita stjórnendum og starfsfólki endurgjöf á störf sín. Niðurstöður könnunarinnar eru nýttar við að meta árangur starfsins, til að gera áætlanir um umbætur og eru liður í eftirliti með leikskólunum og innra- og ytramati leikskólanna.

Framkvæmd:

Vísar rannsóknir ehf. sá um útsendingu og gagnaöflun en undirbúningur og vinnsla könnunarinnar var í höndum Skóla- og frístundasviðs. Könnunin fór fram í mars og apríl 2021 og var framkvæmt rafrænt.

Pátttakendur:

Könnuninvar send til alls 5452 foreldra og forráðamanna barna í borgarreknum leikskólum, sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík og 5 ára deildum Landakots- og Ísaksskóla. Alls svöruðu 4473 aðilar könnuninni og heildarsvarhlutfallið því 82%.

Niðurstöður:

Fyrir hvern þátt er reiknuð þátta einkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunnalltaf jákvæðari niðurstaða. Einkunnin er lituð svo að auðveldara sé að áttasig á niðurstöðum í fljótu bragði. Grænn gefur til kynna einkunnina 4 eðahærra, gulur einkunnina 3 til 4 og rauður lægra en 3.

Svarhlutfall

84,5%

Fjöldi svara

150

Barninu líður vel í leikskólanum

4,814,82
Fyrri könnun heild

Tel barnið mitt vera öruggt

4,874,82
Fyrri könnun heild


Vingjarnlegt andrúmsloft

4,934,82
Fyrri könnun heild


Skólanum er vel stjórnað

4,854,82
Fyrri könnun heild


Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið




Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfið



Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum



Spurningar í foreldrakönnun - Hlutföll

SpurningFlokkur		Values						
		Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála stelpna	Hlutfall sammála stráka	Hlutfall sammála í Reykjavík	Hlutfall sammála - fyrri könnun
Barnið og starfið	Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	93,0%	5,8%	1,2%	87,8%	97,7%	91,6%	-
	Barnið hefur aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum	97,8%	1,1%	1,1%	97,7%	97,9%	93,7%	-
	Barnið mitt á góða félaga/aðlagast vel í barnahópnum	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,8%	92,4%	96,4%
	Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,9%	93,7%	94,7%
	Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	98,9%	0,0%	1,1%	100,0%	97,9%	96,3%	96,5%
	Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	97,8%	1,1%	1,1%	100,0%	95,7%	93,8%	94,7%
	Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,9%	89,7%	98,2%
	Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,9%	95,7%	98,2%
	Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	97,8%	1,1%	1,1%	100,0%	95,7%	94,8%	98,2%
Foreldrar og starfið	Ábendingum mínum er vel tekið	90,8%	6,9%	2,3%	90,2%	91,1%	76,2%	92,5%
	Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	94,6%	3,3%	2,2%	95,5%	93,6%	85,7%	94,6%
	Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	76,7%	21,1%	2,2%	69,8%	82,6%	67,3%	87,0%
	Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	80,2%	12,1%	7,7%	81,4%	78,7%	63,2%	78,2%
	Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	94,5%	4,4%	1,1%	97,7%	91,5%	71,7%	89,5%
	Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	76,7%	17,8%	5,6%	74,4%	78,3%	67,4%	89,3%
	Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum*	54,0%	37,9%	8,0%	43,9%	62,2%	40,1%	65,5%
Stefna og stjórnun	Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	87,7%	98,2%
	Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	81,7%	98,2%
	Leikskólanum er vel stjórnað	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,8%	90,5%	94,4%
	Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	84,8%	98,2%
	Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	89,2%	4,3%	6,5%	95,6%	83,0%	85,7%	93,0%
	Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	96,6%	3,4%	0,0%	100,0%	93,3%	89,9%	98,2%
	Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	98,9%	1,1%	0,0%	97,7%	100,0%	92,0%	96,5%
Upplifun af leikskólanum	Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,9%	89,4%	94,6%
	Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,9%	91,4%	-
	Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	98,9%	1,1%	0,0%	100,0%	97,9%	96,0%	96,5%
	Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	94,3%	98,2%
	Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	97,8%	2,2%	0,0%	97,7%	97,9%	93,1%	96,5%
	Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	95,0%	96,5%
	Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	93,9%	96,5%

Meðalskor spurninga í foreldrakönnun 2019


SpurningFlokkur	Values							
	Heildarmeðaltal í Reykjavík	Heildarmeðaltal Leikskóla	Fyrri könnun	Meðaltal stráka	Meðaltal stelpna	Meðaltal 2 ára eða yngri	Meðaltal 3-4 ára	Meðaltal 5 ára eða eldri
Barnið og starfið	4,50	4,79	4,79	4,74	4,83	4,87	4,74	4,76
Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	4,51	4,65	-	4,80	4,49	4,76	4,55	4,70
Barnið hefur aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum	4,50	4,81	-	4,79	4,84	4,84	4,80	4,80
Barnið mitt á góða félaga/aðlagast vel í barnahópnum	4,46	4,76	4,75	4,71	4,80	4,84	4,75	4,67
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	4,48	4,75	4,63	4,72	4,77	4,88	4,71	4,67
Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	4,62	4,81	4,82	4,68	4,93	4,85	4,78	4,81
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	4,57	4,88	4,79	4,83	4,93	4,92	4,82	4,95
Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	4,41	4,86	4,88	4,77	4,96	4,92	4,87	4,76
Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	4,53	4,85	4,86	4,79	4,91	4,92	4,80	4,86
Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	4,42	4,69	4,79	4,60	4,78	4,85	4,60	4,67
Foreldrar og starfið	3,79	4,31	4,46	4,31	4,31	4,39	4,40	4,03
Ábendingum mínum er vel tekið	4,14	4,57	4,70	4,51	4,63	4,70	4,64	4,22
Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	4,27	4,72	4,75	4,62	4,82	4,80	4,73	4,57
Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	3,78	4,23	4,44	4,30	4,14	4,22	4,36	3,95
Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	3,64	4,21	4,27	4,28	4,14	4,24	4,23	4,14
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	3,79	4,59	4,61	4,53	4,65	4,52	4,64	4,57
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	3,67	4,17	4,50	4,20	4,14	4,40	4,27	3,65
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum*	3,21	3,68	3,93	3,73	3,61	3,83	3,89	3,00
Stefna og stjórnun	4,33	4,79	4,79	4,77	4,81	4,88	4,78	4,70
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	4,37	4,89	4,82	4,89	4,89	4,96	4,89	4,81
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	4,09	4,80	4,77	4,74	4,86	4,88	4,78	4,76
Leikskólanum er vel stjórnað	4,44	4,85	4,81	4,85	4,86	4,84	4,84	4,89
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	4,23	4,87	4,88	4,85	4,88	4,92	4,82	4,90
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	4,32	4,48	4,63	4,45	4,51	4,81	4,51	4,00
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,42	4,75	4,84	4,71	4,78	4,83	4,73	4,67
Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	4,44	4,89	4,81	4,89	4,88	4,92	4,87	4,90
Upplifun af leikskólanum	4,54	4,90	4,83	4,87	4,94	4,97	4,88	4,87
Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	4,36	4,82	4,77	4,74	4,89	4,88	4,76	4,86
Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	4,56	4,93	-	4,94	4,93	4,96	4,93	4,90
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	4,63	4,87	4,82	4,83	4,91	4,96	4,82	4,86
Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk	4,57	4,93	4,86	4,89	4,98	5,00	4,91	4,90
Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	4,50	4,89	4,84	4,87	4,91	5,00	4,91	4,71
Það ríkir notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	4,61	4,93	4,84	4,89	4,98	5,00	4,89	4,95
Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	4,60	4,95	4,82	4,91	4,98	5,00	4,93	4,90

Athugasemdir og annað sem foreldrar vilja á koma á framfæri:


Svar	
Algjörlega frábær skóli og Hjallastefnan henntar okkar (foreldrana) sjónarmiðum um uppeldi á börnum. Starfsfólkið er yndislegt og algjörlega 100% til staðar fyrir barnið mitt (á reyndar tvö börn í Hjallastefnunni) og gerir allt til að koma á móts við okkur fjölskylduna. Stjórnendur skólans eru frábærar, upplýsingaflæðið varðandi covid og hvað sé að gerast innann veggja skólans þegar allt var lokað er til fyrirmyndar, við upplifðum að skólinn var öruggur staður fyrir börnin í covid og allt starfsfólk var frammúrskarandi og á allt gott hrós skilið. Get ekki fundið nægilega jákvæð orð um skólann til að lýsa ánægju minni með hann, stjórnendur og starfsfólkið í skólanum.	
Allt gott.	
Askja er framúrskarandi leikskóli með skýra stefnu, upplýst starfsfólk og meiriháttar leikskólastýru. Við gætum ekki verið ánægðari með starfið.	
Askja er yndislegur leikskóli og allt starfsfólkid alveg frábært!	
Auðvitað verið lítið um foreldra samstarf út af covid Aðbúnaður í fataklefa mætti vera betri, betra pláss, pláss fyrir skó og stigvel í hólfi og leiðinlegt að blaut föt liggi á þurrum fötum	
Dásamlegt starfsfólk þar sem börnum er heilsað af gleði og væntumþykju daglega. Frábær og fjölbreyttur matseðill. Gæti ekki mælt meira með starfinu.	
Einstaklega ánægð með starfið hjá Öskju og vona að Reykjavíkurborg auki kosti foreldra til að velja einkarekna leikskóla innan borgarinnar.	
Ég er mjög ánægður með Hjallastefnuna. Ég hef fylgst með baráttu Hjallastefnunnar í baráttu hennar fyrir lóð fyrir skólann í Öskjuhlíð og vona ég að það mál fari að fá farsælan endi.	
Ég gerði mér ekki grein fyrir að ég gæti verið svona ánægð með leikskóla þar til stúlkan mín fór í Öskju. Starfsfólkið er einstaklega jákvætt og vinalegt í viðmóti. Það eina sem hefur verið erfitt fyrir utan aðstæður sem sköpuðust vegna Covid sem starfsfólkið leysti vel úr, eru bagaleg bílastæðamál þar verið er að byggja á lóðinni við hliðina á. Eins hefur verið stressandi að vita ekki hvar skólinn muni standa, en skilst að nú sé búið að útvega lóð. Annars erum við mjög ánægð með leikskólastarfið í heild sinni.	
Ég gæti ekki verið ánægðari með leikskóla sonar míns. Á hverjum degi er honum mætt með brosi og hlýju viðmóti og ég veit að hann finnur fyrir miklu öryggi á leikskólanum. Þegar ég spyr hann í lok dags hvort hann hafi gert eitthvað skemmtilegt á leikskólanum svarar hann iðulega að allt hafi verið skemmtilegt og oft verður hann svektur ef við komum að sækja hann of snemma. Maturinn á leikskólanum er líka til algjörrar fyrirmyndar, fjölbreyttur og hollur. Í vetur varð áfall í fjölskyldunni og leikskólinn tók svo ótrúlega vel á því máli og hélt svo vel utan um son okkar. Ég fyllist þakklæti þegar ég hugsa um leikskólann og gæti aldrei hugsað mér að skipta um leikskóla.	
Framúrskarandi leikskóli Askja, við erum mjög ánægð	
Frábær leikskóli í alla staði og dásamleg staðsetning og umhverfi í kring	
Frábær skóli og starf.	
Garðurinn er óspennandi og að hluta til óöruggur.	
Hef reynslu af nokkrum leikskólum og þessi er sá allra besti að mínu mati. Hann er mjög vel rekinn, með flottu og framúrskarandi faglegu starfsfólki. Börnin greinilega blómstra þarna og traust og góð vinátta hefur myndast í stúlknaþópnum. Mjög gott og afslappað andrúmsloft.	
Í leikskólanum hefur tekist einstaklega vel að halda úti góðu starfi í gegnum Covid samkomutakmarkanir. Það hefur mikil áskorun á köflum en starfsfólk hefur staðið sig alveg ótrúlega vel að halda dampi og jákvæðni í starfi. Ég er virkilega ánægð með leikskólann og það starf sem þar fer fram.	
Leikskólinn Askja spilar stórt hlutverk í lífi okkar - dóttir mín þarf sérstakan stuðning og í Öskju er hún í höndum besta teymis sem hægt er að hugsa sér.	
Leikskólinn og allt í kringum hann er til fyrirmyndar hjá okkar börnum.	
Leikskólinn sjálfur er stórgóður og mikilvægur.	
Leiksskólinn og 5 ára samstarf grunnskólanns og leikskólans er til mikillar fyrirmyndar og ættu að mínu mati aðrir skólar að kynna sér starfið vel og vandlega.	
Mér finnst bestu kennararnir vera þeir sem eru menntaðir, það munar rosalega mikið um það og ég verð alltaf tilbúin að borga aðeins meira fyrir það að barnið mitt fái að vera í þannig umhverfi.	
Mjög ánægð með starfið	
Mjög gott starf	
Mjög sátt Vantar að vísu sérkennslustjóra, óþægilegt fyrir foreldra barna í sérkennslu	
Our boys language is a bit behind but the support the school has given to help with this has been exceptional. We've had regular conversations via email and formal meetings at least once a month	
Vegna Covid er lítið um tækifæri á að spjalla við leikskólakennarana svo ég upplifi það að mig vanti stundum innsýn í dag drengsins míns. Ég veit lítið sem ekkert hvað hann gerir yfir daginn fyrir utan þessa hefðbundnu leikskóladagskrá. Ég hef svo mikinn áhuga á að vita um hegðun hans, áhugamál innan skólans og framfarir hans og finnst smá erfitt að fá ekki að heyra hvernig kennararnir upplifa hann í daglegu lífi. Einnig finnst mér upplýsingaflæði í gegnum Karellen appið hafa minnkað verulega eftir að hópstjórinn hans hætti störfum og eftir að appið fékk uppfærslu. Allt annað tengt starfinu er ég ánægð með og upplifi skólann svakalega vel. Það eru litlu	

Spurningar er varða viðbótar stuðning

Hefur barnið notið viðbótar stuðnings í leikskólanum (t.d. vegna málþroska, samskiptavanda e...



Meðalskor spurninga er varða viðbótarstuðning við barnið



Er eitthvað um stuðninginn sem þú vilt koma á framfæri :

Svar	Q
Á einhverft barn sem fær greitt fyrir stuðning í 6 klst frá Reykjavíkurborg. Hann er hinsvegar einhverfur allan daginn svo hann þyrfti út leikskóladaginn	
Ég var aérlega ánægð hversu fljótt barnið mitt fékk aðstoð og gripið var snemma inn í.	
Hún er framúrskarandi góð í alla staði.	
Mér hefur fundist sérkennslan ômarkviss, það er sú þjónusta á leikskólanum sem ég hef verið óánægðust með	
Mjög ánægð, betri en ég átti von á. Hefur verulega hjálpað barninu mínu.	
Only that the teachers involved have been brilliant	

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: **ASKJA - Foreldrar**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 S		1 M		1 F		1 M	OPIN VÍKA	1 M	Fúlveldisdagurinn	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ		1 F		1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 F	
2 M	Fridagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 M		2 L	Alþjóðlegur dagur einhverfu	2 M	OPIN VÍKA	2 F		2 L	
3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 F		3 M	JÁKV/ÆDNILOTA sjálfstyrking	3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 S	
4 M		4 L		4 M	SJÁLFST/ÆDISLOTA sjálfstyrking	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M	ÁRÆDNILOTA frumkvæði	4 M		4 L		4 M	OPIN VÍKA
5 F		5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ		5 F		5 S	Hvítasunnudagur	5 Þ	
6 F		6 M	AGALOTA hegðun	6 M		6 L		6 M	OPIN VÍKA	6 F	Þrettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M		6 F		6 M	Annar í Hvítasunnu	6 M	
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F	SPARIFATADAGUR	7 M	VINÁTTULOTA félagsskapur	7 M	OPIN VÍKA	7 F		7 L		7 Þ	OPIN VÍKA	7 F	
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	SAMSKIPTALOTA umburðarlyndi	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ	Alþjóðlegur baráttudagur kvenna	8 F		8 S		8 M		8 F	
9 M		9 F		9 L	FORELDRASAMTÖL	9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M		9 L		9 M	OPIN VÍKA	9 F		9 L	
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M	JÁKV/ÆDNILOTA hreinskiptni	10 F		10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 S	
11 M		11 L		11 M	SJÁLFST/ÆDISLOTA sjálfstraust	11 F		11 L		11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknmálsins	11 F		11 M	Páskatrí	11 M		11 L		11 M	
12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L	FORELDRASAMTÖL	12 L		12 Þ	Páskatrí	12 F		12 S	Sjómannadagurinn	12 Þ	
13 F		13 M	AGALOTA kurteisi	13 M		13 L		13 M	OPIN VÍKA	13 F		13 S		13 S		13 M	Páskatrí	13 F		13 M	OPIN VÍKA	13 M	Sumarleyfi hefst
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M	VINÁTTULOTA umhyggja Bolludagur	14 M	ÁRÆDNILOTA kjarkur	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ		14 F	
15 S		15 M		15 F	Skipulagsdagur Hjarlaráðstefna	15 M	SAMSKIPTALOTA öryggi	15 M		15 L		15 Þ	Sprengidagur	15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M		15 F	
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 S		16 M	Öskudagur	16 M		16 L		16 M	OPIN VÍKA	16 F		16 L	
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F	Jólasöngfundur	17 M	JÁKV/ÆDNILOTA bjarsýni	17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn	17 S	
18 M		18 L		18 M	SJÁLFST/ÆDISLOTA öryggi	18 F		18 L		18 Þ		18 F	Foreldrakaffi á stúlknaðörnum	18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L		18 M	
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ	OPIN VÍKA	19 F		19 S		19 Þ	
20 F		20 M	AGALOTA framkoma	20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M		20 F		20 S		20 S	Konudagur	20 S	Alþjóðlegi Downs dagurinn	20 M		20 F		20 M	OPIN VÍKA
21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ		21 F	Bóndadagur Foreldrakaffi á drengjakjöllum	21 M	VINÁTTULOTA náægð	21 M	ÁRÆDNILOTA kraftur	21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ		21 F	
22 S		22 M		22 F		22 M	SAMSKIPTALOTA vísýni	22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 F	
23 M		23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M	OPIN VÍKA	23 F		23 L	
24 Þ		24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M	JÁKV/ÆDNILOTA gleði	24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F		24 S	
25 M		25 L		25 M	SJÁLFST/ÆDISLOTA tjáning	25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M	OPIN VÍKA	25 M		25 L		25 M	
26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S		26 Þ	
27 F		27 M	OPIN VÍKA	27 M		27 L		27 M	Jólatrí	27 F		27 S		27 S	Þómasunnudagur	27 M		27 F		27 M		27 M	
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 F	Jólatrí	28 F		28 M	VINÁTTULOTA kærleikur	28 M	ÁRÆDNILOTA virkni	28 F		28 L		28 Þ		28 F	
29 S		29 M		29 F		29 M	SAMSKIPTALOTA samstaða	29 M	Jólatrí	29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M		29 F	
30 M	AGALOTA virðing	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Jólatrí	30 S				30 M		30 L		30 M		30 F		30 L	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M	OPIN VÍKA				31 F			31 Þ				31 S	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.